



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

RENN1GR05

(Rennismíði)

Kennari: **Gísli Viðar Oddsson (GVO)** gisli.oddsson@fsu.is

Áfangalýsing:

Kennt er á hefðbundinn rennibekk, fræsivél og borvél. Kennslan er einstaklingsmiðuð og eru öryggismál veigamikill þáttur námsins. Samhliða verklegri kennslu er bókleg kennsla. Námið byggir á verkefnalausnum, verk- og bóklegum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- öryggismálum og umhirðu spóntökuvéla.
- mismunandi hlutum spóntökuvélanna, tilgangi þeirra og möguleikum.
- stillimöguleika rennibekkjarins við mismunandi verkþætti.
- helstu uppspenniaðferðum í rennibekk og fræsara.
- muninum á mismunandi gerðum rennistáls og í hvaða tilgangi þau eru notuð.
- mikilvægi þess að gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er með spóntökuvélar.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- leysa einföld verkefni í rennibekk innan 0,1 mm málvika.
- skrúfuskera með tappa og bakka í rennibekk.
- skrúfuskera öxul með skrúfuskurðarstáli.
- fræsa kant á öxul.
- sinna umhirðu rennibekks og fræsivélar á fullnægjandi hátt.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er við spóntökuvélar.
- reikna út snúnings- og skurðhraða samkvæmt töflum.
- finna réttan skurð- og snúningshraða og velja rétt verkfæri við lausn mismunandi verkefna.
- leita ráða hjá reyndum mönnum þegar það á við.
- gera stutta greinargerð um verkefni sem unnin eru þar sem fram koma upplýsingar um efnistösk, véla -og verkfæraaval, framvindu verks og vinnslutíma.

Námsefni: Rennismíði fyrir grunnnám málmíðna, 2. útgáfa (Þór Pálsson), efni frá kennara. Nemendur verða að útvega sér sitt eigið rennimál

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.	1. janúar - 7. janúar	<ul style="list-style-type: none">- Námsáætlun áfangans kynnt- Farið yfir helstu öryggisatriði við notkun spóntökuvéla	
2.-6.	8. janúar – 11. febrúar	<ul style="list-style-type: none">- Rennibekkurinn kynntur fyrir nemendum og öxull með gengjum smíðaður	Öxull með gengjum og bókleg verkefni
7.-9.	12. febrúar – 4. mars	<ul style="list-style-type: none">- Tvær rær smíðaðar og efnað niður í öxul	Rær og bókleg verkefni
10.-13.	5. mars - 1. apríl	<ul style="list-style-type: none">- Smíðaður öxull með gengjum fyrir rær og frígang fyrir innan gengjur.	Öxull og bókleg verkefni
14.-18.	2. apríl - 6. maí	<ul style="list-style-type: none">- Páskafri- Hamar smíðaður- Frídagur verkalýðsins 1. maí- Síðasti kennsludagur fös. 5. maí.	Hamar og bókleg verkefni
19.-20.	7. maí - 20. maí	<ul style="list-style-type: none">- Lokanámsmat hefst mán. 8. maí.- Sjúkrapróf mán. 15. maí.- Brautskráning lau. 26. maí.	

Sérreglur áfangans:

Mætingaskylda er í allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans. Nemendur skulu í verklegum tímum klæðast óeldfimum fatnaði og vera í ermálöngum hlífðarfötum sem ná vel upp í háls og sloppum eða göllum. Skór verða að vera óeldfimir og lokaðir, helst að hafa skó með stáltá. Ekki er tekin ábyrgð á fötum og skulu nemendur vera með skáp undir föt, námsbækur og tölvur. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Notkun á sínum og öðrum raftækjum: Notkun síma og annarra raftækja (þ.m.t. eyrnatól) er óheimil í tímum og varðar slík notkun fjarvist úr tíma (F). Spóntökutæki eru hættuleg tæki og krafa er um fulla einbeitingu við notkun þeirra.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkleg verkefni	Smíðastykki 1	20%
Verkleg verkefni	Smíðastykki 2	25%
Verkleg verkefni	Smíðastykki 3	15%
Fagbókleg verkefni	Bókleg verkefni	20%
Umgengni	Umgengni um spóntökutæki	10%
Ástundun	Mæting og vinnusemi	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2023, Gísli Viðar Oddsson